

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 13-2017

Tími: Þriðjudagur 12. september 2017 á Keldnaholti og í síma kl. 16:00

Mætt: Björn Þorsteinsson, Bjarni Stefánsson, Helena Guttormsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir og Hafdís Hanna Ægisdóttir á Keldnaholti og Þuríður Lillý Sigurðardóttir og Hilmar Janusson í símanum. Guðríður Helgadóttir ritaði fundargerð.

1. Viðtal við kandídat í hlutverk setts rektors

Stungið hefur verið upp á Sæmundi Sveinssyni í embætti setts rektors næsta árið. Rektor hefur sent ráðsmönnum viðræðupunkta háskólaráðs frá rektorsviðtölum síðasta vors, sem og niðurstöður starfsánægjukönnunar LbhÍ. Samþykkt var að hafa þessi gögn til hliðsjónar í viðtalinu við Sæmund.

Sæmundur kom inn á fundinn og stýrði rektor fundi. Sæmundur svaraði spurningum og lýsti skoðunum sínum á þeim málefnum sem háskólaráð bar upp. Einnig var farið yfir helstu umræðuefni sem háskólaráð setti fram í síðustu fundargerð. Jafnframt ítrekaði rektor það boð sitt að vera settum rektor innanhandar næstu sex mánuði, ef þess er óskað.

Sæmundur telur að hann geti tekið fljótlega við starfi, að höfðu samráði við sína yfirmenn í Matís.

Sæmundur vék af fundi eftir viðtalið.

2. Umræður

Rætt var um niðurstöður starfsánægjukönnunar og að þar hafi stjórnunarþátturinn dalað frá síðustu könnun. Eitt af mikilvægari verkefnum setts rektors verður að vinna að úrbótum á þessu sviði.

Samþykkt að háskólaráð tilnefni Sæmund Sveinsson í stöðu setts rektors í bréfi til menntamálaráðherra og að tilkynna starfsmönnum niðurstöðuna sem allra fyrst.

Fundargerð samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:24.